



Lúxemborg, 6. janúar 2010

## FRÉTTATILKYNNING 01/2010

**Dómur í máli E-1/09 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Liechtenstein***

### **BÚSETUSKILYRÐI ANDSTÆTT ÁKVÆÐUM UM STAÐFESTURÉTT SKV. 31. GR. EES-SAMNINGSINS**

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði gegn Liechtenstein. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Liechtenstein hefði vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 31. gr. EES um staðfesturétt. Í fyrsta lagi hafi Liechtenstein innleitt lagaákvæði sem kveði á um að lögfræðingar, einkaleyfalögfræðingar, endurskoðendur og fjárvörsluaðilar skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna verkum sínum í raun og með reglubundnum hætti. Í öðru lagi sé þess krafist í svipuðum ákvæðum að þeir sem sitji í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum banka skuli, vegna búsetu sinnar, vera í aðstöðu til að sinna hlutverki sínu og skyldum í raun og með óaðfinnanlegum hætti. Það var niðurstaða dómstólsins að búsetuskilyrði gagnvart fyrrgreindum starfsgreinum feli í sér höft á staðfesturétti aðila sem eru þegar annarra EES-ríkja, og á réttindum bankastofnana frá öðrum EES-ríkjum sem óska eftir því að öðlast staðfestu í Liechtenstein. Dómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að réttlæta höftin með lögmætum markmiðum sem varða almannahagsmuni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.